



Byggðastofnun

Prúnarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/94
komudagur 8.11.2001

Dagsetning

8. nóv. 2001

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 193, frv. til laga um stjórn fiskveiða (krókaafلامarksbátar).

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur unnið samantekt á áhrifum kvótsetningar ýsu, steinbíts og ufsa hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum. Ástæða þess að Vestfirðir voru skoðaðir sérstaklega er sú að vægi smábátaútgerðar er verulegt þar. Niðurstaða þeirrar samantektar er að áhrifin gætu orðið mjög alvarleg þar sem fyrirsjáanlegt er að störfum í landvinnslu muni fækka í kjölfar samdráttar í hráefni og störfum við smábátaútgerð muni fækka vegna minnkandi veiða. Samtekt þessi er unnin út frá þeim breytingum á lögum um stjórn fiskveiða sem tóku gildi 1. september síðastliðinn og þar af leiðandi er ekki tekið tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem kynnar eru í því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Þessi samantekt er send með þessari umsögn til upplýsinga.

Byggðastofnun hefur ekki skoðað sérstaklega áhrif viðbótarúthlutana sem lagðar eru til í þessu frumvarpi á einstök svæði. Hins vegar er ljóst að viðbótarúthlutanir munu draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem kvótasetning áður nefndra tegunda hjá krókabátum hefur haft í sjávarbyggðum sem byggja sína vinnslu á hráefni frá krókabátum. Hvað varðar Vestfirði sérstaklega þá er það lauslega áætlað að viðbótarúthlutanir sem eru í frumvarpinu gætu minnkað þau áhrif sem lýst er í áður nefndri samantekt um þriðjung, að því gefnu að aflahlutdeildir skiptist milli báta með svipuðum hætti og núverandi krókaafلامark gerir. Hér er ekki átt við þær heimildir sem ráðgert er að úthluta til krókaafلامarksbáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem að verulegu leiti eru háðar veiðum smábáta þar sem ekkert liggur fyrir um skiptingu þeirra veiðiheimilda á þessu stigi.

Virðingarfyllst

Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður prúnarsviðs

Áskell Heiðar Ásgeirsson
ráðgjafi